

Miðvikudaginn 31. október 1945.

Nr. 86/1944. Jóhann Bárðarson og Jóhann P. Jósefsson
(Garðar Þorsteinsson)

gegn

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Gunnar J. Möller).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Fébótamál vegna framkvæmdar á stjórnssýslu.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 26. júní 1944, hafa krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða þeim kr. 17102.01 ásamt 5% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi 23. nóv. 1943 til greiðsludags. Svo krefjast áfrýjendur og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, aðallega að hann verði algerlega sýknaður, en til vara, að honum verði einungis dæmt að greiða áfrýjendum kr. 1519.42. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðiljar þeir, sem ríkissjóður ber ábyrgð á, önnuðust einungis fyrirgreiðslu á pöntunum varnings þess, er í máli þessu greinir, og réðu yfirvöld í Bandaríkjunum því, hvaðan hver einstök vörupöntun var afgreidd. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hin áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur in solidum til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, sem ákveðst kr. 1500.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum áfrýjenda, Jóhanns Bárðarsonar og Jóhanns P. Jósefssonar, í máli þessu.

Áfrýjendur greiði stefnda in solidum kr. 1500.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. marz 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. þ. m., er, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 23. nóvember 1943, af Jóhanni Bárðarsyni stórkaupmanni og Jóhanni Þ. Jósefssyni alþingismanni, báðum hér í bæ, gegn fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 20018.20, ásamt 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 24. september f. á., til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Við hinn munnlega flutning málsins gerðu stefnendur þó þá *vara*-kröfu, að stefnda yrði gert að greiða sér kr. 17101.54 auk vaxta og málskostnaðar, eins og áður segir.

Stefndur hefur *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnenda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans, en til *vara*, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða kr. 1547.65.

Málavextir eru þeir, að þann 12. maí 1942 birti viðskiptanefnd í dagblöðum hér í bænum tilkynningu þess efnis, að framvegis fengjust ýmsar járn- og stálvörur, þar með taldir naglar, ekki keyptir í Ameríku nema fyrir milligöngu nefndarinnar. Bæri því að koma pöntunum til nefndarinnar innan ákveðins tíma, og skyldu vörur í hverri pöntun vera minnst 100 smálestir að þyngd. Stefnandinn Jóhann Bárðarson mun á þessum tíma hafa starfað í sambandi við firmað Guðmund Ólafsson & Co hér í bæ, og ákvað hann að panta nagla, en þar sem hann hafði aðeins innflutningsleyfi fyrir 75 smálestum, þá fékk hann með sér stefnandann Jóhann Jósefsson, er tók þær 25 smálestir, er á vantaði. Pöntunin var gerð í nafni firmans Guðmundar Ólafssonar & Co., en stefnendur virðast hafa lagt fram allar bankatryggingar vegna kaupanna og Jóhann Bárðarson gengið frá pöntuninni. Stefnandinn Jóhann Bárðarson skýrir svo frá, að ekki hafi verið mögulegt að fá uppgefið hjá viðskiptanefndinni, hvað verðið yrði hátt, en skrifstofustjóri nefndarinnar hafi sagt sér, að sama verð yrði hjá öllum, er fengu nagla sína samtímis. Nokkur hluti naglanna, eða um $\frac{1}{2}$ hlutar þeirra, hafi síðan komið hingað um haustið 1942. Hafi naglarnir þá verið verðlagðir á venjulegan hátt og verðið samþykkt af verðlagsnefnd. Er farið var að selja vörurnar, hafi komið í ljós, að viðskiptamenn hafi kvartað yfir, að verðið væri of hátt, þar sem fá mætti sams konar vörur með lægra verði annars staðar. Hafi þetta orðið til þess, að menn hafi endursent póströfur og sendingar lent á flækingi, og hafi orðið að selja vöruna með afslætti. Um áramótin 1942 til 1943 hætti Jóhann Bárðarson samstarfi við Guðmund Ólafsson & Co., en tók við öllum birgðum af

byggingarefni hingað komnu og ókomnu, þar á meðal nefndum nöglum. Snemma á árinu 1943 komu svo eftirstöðvar naglapöntunarinnar. Var hún síðan verðlögð á venjulegan hátt og verðið samþykkt af verðlagseftirlitinu. Telja stefnendur, að enn hafi komið í ljós, að varan hafi verið illseljanleg vegna þess, að hún var dýrari en aðrir seldu sams konar vörur. Kom í ljós við athugun, að nokkur hluti nagla þeirra, er stefnendur höfðu fengið, var dýrari að innkaupsverði en sams konar vörur, er aðrir höfðu fengið. Sneru stefnendur sér þá til viðskiptaráðs þann 10. maí 1943 og vildu fá leiðréttingu á þessu, en var synjað, og sömu afgreiðslu fékk málaleitun þeirra sama efnis hjá viðskiptamálaráðuneytinu. Hafa þeir því höfðað mál þetta og gert í því framangreindar dómkröfur.

Stefnendur byggja bótakröfu sína á því, að viðskiptanefnd hafi skuldbundið sig til, að allir, er pöntuðu nagla samtímis, skyldu fá vöruna með sama verði. Hafi þetta fyrst og fremst falizt í því, að nefndin ein mátti panta vöruna, og hafi hún ekki gefið kaupendunum upp verð, áður en pantað var. Auk þess hafi skrifstofustjóri nefndarinnar fullyrt, að verðið yrði það sama hjá öllum. Hafi þeir því treyst því, að að svo yrði, enda og forsenda af þeirra hálfu, og hafi átt að vera auðvelt fyrir nefndina að sjá um, að svo yrði í framkvæmd, þar sem hægt hefði verið fyrir hana að verðjafna vöruna, ef komið hefði í ljós, að verðmismunur var. Þar sem þetta hafi ekki verið gert, hljóti stefndur að bera ábyrgð á því tjóni, sem af hafi hlotizt. Viðskiptanefnd hafi verið opinber stofnun, sem nú hafi verið lögð niður, og beri stefndur ábyrgð á gerðum hennar.

Stefndur hefur skýrt svo frá, að viðskiptanefnd hafi aðeins tekið við pöntunum frá þeim, er flytja vildu nefndar vörur inn. Innkaupin séu síðan gerð af innkaupanefnd ríkisins í Ameríku hjá ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku, sem ein ráði því fyrir milligöngu hinnar svonefndu láns- og leigukjarastofnunar, frá hvaða verksmiðjum varan sé afgreidd, en ríkisstjórnin ráði yfir þessari framleiðslu. Hámarksverð sé á vörunni frá verksmiðjunum, en þar sem misjafnlega langt sé frá verksmiðjunum til þess staðar, er vörunar séu teknar í skip, verði flutningskostnaðurinn á landi misjafnlega mikill og varan því misjafnlega dýr, er hún sé hingað komin.

Stefndur, sem hefur viðurkennt ábyrgð sína á gerðum viðskiptanefndar og viðurkennt stefnendur sem rétta aðilja máls þessa, byggir sýknukröfu sína á því, að hann hafi enga ábyrgð tekið á því, að varan yrði jafn dýr til allra, enda slíkt óframkvæmanlegt, þar sem nefnda vörutegund sé aðeins hægt að fá útflutta fyrir milligöngu ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku, en hún ráði, hvaða verksmiðjur afgreiði vörunar, eins og áður segir. Þá hefur

stefndur mótmælt því, að nokkur heimild sé til verðjöfnunar í tilfellum sem þessum. Stefnendur hefur enn fremur mótmælt því, að skrifstofustjóri viðskiptanefndar hafi tekizt á hendur skuldbindingu gagnvart stefnendum um, að allir innflytjendur fengju nefndar vörur með sama verði.

Það er að visu komið upp í málinu, að sumar tegundir nagla þeirra, er stefnendur fengu, voru dýrari að innflutningsverði en samsvarandi naglar, er aðrir fengu, en með tilliti til þess, sem ómótmælt hefur verið haldið fram af stefndum, hvernig þessum viðskiptum hefur verið háttáð og áður greinir, þá verður ekki séð, að stefndur geti borið ábyrgð á því, þótt innflutningsverð vörunnar yrði ekki jafnhátt til allra, þar sem ekki mun hafa verið unnt að fá hana á annan hátt en fyrir milligöngu ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku. Viðskiptanefnd gat því ekki haft hönd í bagga með því, hvaðan varan var afgreidd, og þar sem ekki verður séð, að nein heimild hafi verið fyrir hendi til verðjöfnunar, varð hver innflytjandi að hlíta því verði, er hann fékk vöruna á.

Að því er snertir þá staðhæfingu stefnenda, að viðskiptanefnd hafi tekið á sig sérstaka ábyrgð að þessu leyti með yfirlýsingu til þeirra, þá hefur skrifstofustjóri nefndarinnar, er Jóhann Bárðarson átti tal við, ómótmælt skýrt svo frá, að hann hafi sagt, að viðskiptanefnd gæti ekki sagt um verð vörunnar, en ganga yrði út frá því með tilliti til þess, að hámarksverð væri á þessari vörutegund í Bandaríkjunum, að sama *innkaups*verð yrði fyrir sömu vöru. Af þessu þykir sýnt, að stefnendum má þegar í upphafi hafa verið ljóst, að viðskiptanefnd var í óvissu um verð vörunnar, enda hefur og nefndur skrifstofustjóri ómótmælt skýrt svo frá, að sökum óvissu um ýmsa kostnaðarliði hafi innflytjendum verið gert að skyldu að undirrita skuldbindingu um viðbótargreiðslu, ef verð reyndist hærra en gizkað hafi verið á hér heima. Verður því ekki talið, að með þessu hafi viðskiptanefnd tekið ábyrgð á því, að verð yrði jafnt til allra innflytjenda.

Með tilliti til alls þessa verður ekki fallizt á, að stefndur beri ábyrgð á því tjóni, sem stefnendur telja sig hafa orðið fyrir vegna verðmismunar á nefndum nögllum, auk þess sem ekki verður glögglega séð, hvort stefnendur hljóti tjón af þessum viðskiptum. Verður því sýknukrafa stefnds tekin til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Árni Tryggvason, settur borgardómari, kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnenda, Jóhanns Bárðarsonar og Jóhanns Þ. Jónssonar.

Málskostnaður falli niður.